

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 5529899, 5630325, 5630300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

8. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöll Reykjavík 4. júní 1997.

Þessir voru mættir:

Birgir Sigurjónsson, Guðbrandur Kjartansson, Halldór Gunnarsson, Sigbjörn Björnsson, Jón Bergsson, Sigurgeir Bárðarson, Sigríður Sigþórsdóttir, Sigurður Þórhallsson.

Aðalmenn stjórnar voru aðeins boðaðir.

Formaður setti fund og bauð fólk velkomið.

1. Fundargerðir 6. og 7. fundar stjórnar samþykktar athugasemdaleast.

2. Úthlutun reiðvegafjár 1997

Reiðveganefnd lagði fyrir fundinn tillögur að úthlutun reiðvegafjár að upphæð kr. 11.000.000. Umsóknir bárust frá 27 hestamannafélögum að upphæð kr. 41.090.000, en 24 fengu úthlutun að þessu sinni.

Þessi félög fengu úthlutun úr reiðvegasjóði:

	Kr.:
Félögin sjö á höfuðborgarsvæðinu	2.700.000.-
Glaður, Dalasýslu	600.000.-
Snæfellingur	700.000.-
Dreyri, Akranesi og nágr.	400.000.-
Grani, Húsavík	250.000.-
Trausti, Laugardal Grímsnesi	500.000.-
Faxi, Borgarfirði	400.000.-
Smári, Hreppum Árn.	400.000.-
Stígandi, Skagafirði	140.000.-
Sleipnir, Selfoss og nágr.	400.000.-
Kópur, V-Skaftafellssýslui	300.000.-
Skuggi, Borgarnesi	350.000.-
Léttfeti, Sauðárkrúki	700.000.-
Snarfari, Skagaströnd	310.000.-
Stormur, Vestfjörðum	500.000.-
Léttir, Funi, Akureyri Eyjafirð	1.500.000.-
Snæfaxi, Þistilfirði	500.000.-
Neisti, A-Hún.	350.000.-

Samtals kr.: 11.000.000.-

Umræður fóru fram um úthlutun nefndarinnr og hvernig best væri að haga henni. Rætt var um að hanna ný eyðublöð fyrir umsóknir um reiðvegafé þar sem m.a. komi fram að samþykkt landeigenda og sveitarstjórna liggi fyrir þegar umsókn er gerð.

Stjórnin fól úthlutunarnefnd reiðvegafjár að móta tillögur fyrir stjórnarfund í haust um nyjar reglur varðandi úthlutun þessa fjármagns. Jafnframt er nefndinni falið í samvinnu við skrifstofu L.H. að hanna nýtt eyðublað fyrir félögin. Í

reiðveganefnd L.H. eru; Sigurgeir Bárðarson formaður, Jón Bergsson og Birgir R Gunnarsson. Birgir sat þennan fund meðan þetta mál var til umfjöllunar. Stjórnin samþykkti úthlutunina eins og reiðveganefndin lagði til.

3. Ákvörðun um landsmótsstað árið 2000.

Formaður kynnti umsóknir þeirra aðila sem óskað hafa eftir að halda landsmót árið 2000 þ.e. Fákur í Reykjavík, sem býður fram Fákssvæðið á Víðivöllum og hestamannafélöginn (eigendur Rangárbakka s.f.) austan Hellisheiðar sem bjóða fram Gaddstaðaflatir við Hellu.

Allir stjórnamenn tóku þátt í umræðum um ákvörðun staðarvals landsmóts árið 2000 og lýstu afstöðu sinni til málsins.

Niðurstaða umræðunnar um staðarvalið varð sú að stjórnin var sammála um að landsmótið árið 2000 verði haldið í Reykjavík á félagssvæði Fáks í Víðidal.

4. Ákvörðun um landsmótsstað árið 2002.

Formaður kynnti umsóknir Eyfirðinga og Skagfirðinga og bréf sem tengdust þeim.

Allir stjórnamenn tóku þátt í umræðum um staðarval landsmóts árið 2002 og lýstu afstöðu sinni til málsins.

Niðurstaða umræðunnar um staðarvalið varð sú að stjórnin var sammála um að landsmótið árið 2002 verði haldið á Vindheimamelum í Skagfirði.

5. Reiðvegamál í Eyjafirði.

29. maí s.l. fóru Birgir Sigurjónsson formaður L.H. og Sigríður Sigþórsdóttir formaður Umhverfis- og ferðanefndar L.H. norður í Eyjafjörð til fundahalda með aðilum þar vegna reiðvegamála í Eyjafirði sunnan Akureyrar.

Tilefni fundanna fyrir norðan er sá ágreiningur sem ríkt hefur milli hestamanna og bænda í Eyjafirði undanfarin misseri um reiðleiðir framan Akureyrar.

Hjalti Jón Sveinsson svæðisfulltrúi í Umhverfis- og ferðanefnd L.H. hafði milligöngu um fundahöldin. Forsvarsmenn hestamannafélagsins Funa og Léttis höfðu áður leitað til L.H. varðandi þessi atriði.

Birgir og Sigríður kynntu viðræður þær sem fóru fram fyrir norðan. Fulltrúar L.H. gengu á fund Benedikts Ólafssonar lögmanns hestamannafélaganna Léttis og Funa, þá hittu þau sveitarstjóra Eyjafjarðarsveitar Pétur Jónasson, umdæmisverkfraðing Vegagerðarinnar Guðmund Svafarsson og landeigendur með það í huga að leita leiða til að leysa þær deilur sem upp hafa komið og með hagsmuni Landsmóts í Eyjafirði 1998 í huga. Í þessu skyni lögðu fulltrúar L.H. fram eftirfarandi tillögur til sáttá í málinu:

1) Vegagerðin ásamt sveitastjórn Eyjafjarðarsveitar vinni kostnaðar- og framkvæmdaáætlun vegna heilsársreiðvegar austan Eyjafjarðarár frá gömlu brúnum að Miðbraut sem fyrsta áfanga og frá Miðbraut að Melgerðismelum sem seinni áfanga. Í seinni áfanganum skal til samanburðar unnin sambærileg áætlun fyrir reiðveg vestan Eyjafjarðarár. Við gerð áætlunariðrar skal áföngum skipt þannig að reiðvegurinn verði nothæfur sem aðalreiðleið á Landsmót 1998. Hafist skal handa þegar í stað um þessa áætlanagerð og henni lokið ekki síðar en 1. júlí 1997.

2) Óheimill er rekstur hrossa á veginum frá Ytra-Gili að Miðbraut og ríðandi vegfarendur sýni landeigendum tillitsemi í allri umgengni t.d. loki á eftir sér hliðum komi þeir að þeim lokuðum.

- 3) Rekstur hrossa skal þó heimill þann tíma er Landsmót 1998 stendur yfir og að viðbættum hæfilegum ferðatíma fyrir og eftir móti. Enda verði gerðar bráðabirgðaráðstafanir við ógirt einkalönd og vegi og leitað aðstoðar hjá löggreglu staðarins. Þetta ákvæði gildir aðeins í slæmu árferði ef reiðleið um austurbakkann verður ekki talin þola mikla umferð frá umhverfislegu sjónarmiði eða verður lokað af öðrum ástæðum.
- 4) Bændur fjarlægi hindranir af gamla þjóðveginum um leið og samykkt hefur verið viðunandi lausn þessara mála eins og þetta samkomulag kveður á um.

6. Samstarfsnefnd á vegum L.H. um náttúruvernd.

Sigríður greindi frá fundi sem Landssamband hestamannafélaga boðaði til 30. apríl s.l.

Mætt voru frá L.H. Birgir formaður, Sigríður stjórnarmaður og Sigurður framkvæmdastjóri, Einar Bollason frá Íshestum, Kersten Essen nemandi í Háskóla Íslands, Ragnar Kristjánsson Náttúruvernd ríkisins og Ólafur Dýrmundsson frá Bændasamtökum Íslands.

Fundurinn fjallaði um tengsl hestamennsku og ferðaþjónustu við náttúruvernd. Á fundinum kom fram hugmynd um að setja upp samráðshóp hestamanna, landgræðslu og náttúruverndaraðila, Vegagerðar og hestaferðaþjónustuaðila og hefur þegar verið skipað í starfshópinn þau:

Ragnar Frank Kristjánsson frá Náttúruvernd ríkisins.

Guðmundur Árni frá Vegagerðinni.

Sigríður Sigþórssdóttir frá Landssambandi hestamannafélaga.

Andrés Arnalds frá Landgræðslu ríkisins.

Einar Bollason f.h. ferðaþjónustuaðila.

Bændasamtök Íslands hefur verið sent bréf um aðild að starfshópnum og er beðið eftir svari þeirra en þeir hafa sýnt áhuga á málínunum.

Hlutverk starfshópsins er m.a. að bæta almenningsálit hestamanna með áróðri varðandi umgengni um friðlönd Íslands. Í þessu skyni er ráðgert að gefa út veggspjald "Vor 97" og dreifa á helstu áningarástaði í friðlöndum Íslands. Aðilar hestaferðaþjónustu og Náttúruverndar munu sjá um dreifingu. Ætlunin er einnig að dreifa veggspjöldum til allra hestamanna.

Kosntaðaráætlun hefur verið gerð og kostnaðarhlutdeild L.H. gæti verið allt að kr. 150.000.- Veggspjaldið verður í stærðinni A-4.

Fundurinn samþykkti að taka þátt í þessu verkefni, sem þegar er hafinn undirbúningur að.

7. Fjármögnun framkvæmdanefndar LM '98.

Rætt var um á hvern hátt stjórn L.H. gæti stutt framkvæmdanefnd LM'98 í að leita leiða til að styrkja fjárhagslegan grundvöll mótsins. Í þessu sambandi er Framleiðnisjóður landbúnaðarins m.a. hafður í huga og fleiri aðilar. Í þessu sambandi var einnig rætt um að L.H. hlutist til um að stofnaður verði sjóður sem verði í umsjá L.H. sem lámi framkvæmdanefnd LM hverju sinni til að hefja undirbúning móta. Formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna að málínun hið fyrsta.

8. Ályktun stjórnar L.H. send á fund eyfirsku félaganna.

Eftirfarandi ályktun var send á faxi á fund Léttis og Funa sem haldinn verður í kvöld á Akureyri:

Fundur í stjórn L.H. haldinn í Bændahöllinni við Hagatorg 4. júní 1997 ályktar eftirfarandi:

“Stjórnin hefur miklar áhyggjur vegna hugsanlegra erfiðleika með aðkomu hestamanna á LM 1998. Stjórn L.H. treystir því að hestamenn í Eyjafirði geri allt sem í þeirra valdi er til að ganga svo frá málum að umferð hestamanna verði tryggð á LM '98.”

Næsti fundur verður væntanlega símafundur síðar í júní.
Fleira ekki fært til bókar

Fundi slitið kl. 18:30.